

Mosfellsbær 18. nóvember 2023

Ágætu kirkjubingsfulltrúar!

Í umræðu ykkar um 53. mál þingsins þar sem fjallað verður um skipurit kirkjunnar langar mig að biðja ykkur um að hafa eftirfarandi í huga.

Í 1. gr. tónlistarstefnu kirkjunnar segir:

"Grundvöllur kirkjutónlistar er trúin á þríeinan Guð, föður, son og heilagan anda. Hún er samofin sköpuninni og inntaki fagnaðarerindisins og er farvegur heilags anda. Kristin kirkja um allan heim býr að ríkulegum tónlistararfi. Grunnur þess arfs er söngur Davíðssálma og annarra ljóða Biblíunnar. Þjóðkirkjan byggir á þessari arfleifð."

Kirkjutónlistin með sálmasönginn sem meginundirstöðu er ein af grunnstöðum kirkjunnar í boðun trúarinnar. Þar sem biskup ber ábyrgð á helgihaldi kirkjunnar er eðlilegt að söng- og tónlistarmál séu undir biskupi í skipuritinu.

Með vinsemd og virðingu,

Guðný Einarsdóttir, söngmálastjóri